



Til aðildarfélaga KSÍ

Reykjavík, 4. apríl 2018.

Efni: Óúttekin leikbönn í byrjun bikarkeppni KSÍ

Á hverju vori fær skrifstofa KSÍ ótalmargar fyrirspurnir um óúttekin leikbönn frá síðustu leiktíð. Ævinlega er félögum bent á að þeim hafi verið tilkynnt um leikbönn með tölvupósti og það sé á þeirra ábyrgð að gæta þess að leikmenn sem eigi eftir að taka út leikbönn geri svo eða sbr. starfsreglur Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ:

Agabrot framið á einu keppnistímabili hefur ekki ítrekunaráhrif á því næsta. Ef leikmaður á eftir að taka út agaviðurlög þegar keppnistímabili lýkur, skal það gert í byrjun næsta keppnistímabils viðkomandi leikmanns. Ofangreint nær aðeins til agaviðurlaga vegna brottreksturs en ekki vegna áminninga. Flytjist leikmaður á milli aldursflokka um áramót, skal hann taka út viðurlögin í nýjum aldursflokki.

Skrifstofa KSÍ hefur nú tekið saman lista til upplýsingar fyrir félögin um þá leikmenn í meistaraflokki sem eiga eftir að taka út leikbönn vegna leikja í **bikarkeppni 2017**. Á listanum eru leikmenn skráðir í þau félög sem þeir fengu leikbann með. Frá þeim tíma kunna þessir leikmenn að hafa skipt um félag og er því mjög mikilvægt að öll félög kynni sér listann bæði hvað varðar stöðu leikmanna frá 2017 og einnig stöðu leikmanna sem gengið hafa til liðs við félagið. Listinn gefur ekki upplýsingar um óúttekin leikbönn í öðrum flokkum.

Leikbönn í **deildarbikarkeppni KSÍ** koma hér hvergi við sögu enda er almenna reglan sú að refsingar í deildarbikarkeppni KSÍ séu eingöngu teknar út í leikjum í deildarbikarkeppni KSÍ.

Listinn er birtur með eftirfarandi fyrirvara:

Allir úrskurðir aganefndar 2017 um leikbönn voru tilkynntir félögunum með tölvupósti. Ef leikmaður hefur ekki tekið út leikbann sitt 2017 vegna brottvísunar flyst leikbannið í fyrsta eða fyrstu leiki í bikarkeppni KSÍ í viðkomandi flokki (nema leikmaðurinn fari upp um aldursflokk og flyst þá leikbannið með honum þangað). Þessi listi er því hvorki tilkynning um leikbann né leysir hann leikmann undan leikbanni. Listinn er aðeins til upplýsinga og áminning til félaganna um að skoða úrskurði aganefndar frá síðasta ári sem sendir voru sendir með tölvupósti og athuga hvort leikmenn eigi eftir að taka út leikbönn.

Athugið að listinn nær eingöngu til leikbanna í bikarkeppni KSÍ. Sendur verður út annar listi til féлага sem nær til leikbanna í Íslandsmóti og Meistarakeppni KSÍ.

Ef aðildarfélög finna villu í listanum er þau vinsamlega beðin um að tilkynna Hauki Hinrikssyni, haukur@ksi.is eða Þorvaldi Ingimundarsyni, thorvaldur@ksi.is, á skrifstofu KSÍ um það. Ef félög eru í vafa um leikbönn er þeim bent á að hafa samband við Hauk, s. 510-2912.

*Með kveðju,
f. h. KSÍ,*

Þorvaldur Ingimundarson

Hjálagt: Áðurnefndur listi.

FYRIRVARI: LISTI ÞESSI ER HVORKI TILKYNNING UM LEIKBANN NÉ LEYSIR HANN LEIKMANN UNÐAN LEIKBANNI HELDUR BER AÐ FARA EFTIR TÖLVUPÓSTI FRÁ AGANEFND FRÁ 2017.

LEIKMENN SEM VORU ÚRSKURÐAÐIR Í LEIKBANN Í BIKARKEPPNI 2017 OG EIGA ÚTISTANDANDI REFSINGU.

LEIKMENN ERU SKRÁÐIR Í ÞAÐ FÉLAG SEM ÞEIR UNNU TIL REFSINGAR MEÐ EN GETA VERIÐ HLUÐGENGIR MEÐ ÖÐRU FÉLAGI NÚ Í UPPHAFI MÓTS OG BER ÞEIM AÐ TAKA ÚT REFSINGU MEÐ ÞVÍ FÉLAGI.

Unnið úr gögnum aganefndar KSÍ frá 2017 og leikjaskrá KSÍ frá 2017.

2 leikir	
Nafn	Félag 2017
Richard Már Guðbrandsson	Berserkir
Sæmundur Bergmann Jóhannsson	KB
1 leikur	
Nafn	Félag 2017
Arnar Bergmann Gunnlaugsson, þjálfari	
Arnar Ólafsson	Drangey
Benedikt Óli Breiðdal	Elliði
Dröfn Einarsdóttir	Grindavík
Halldór Kristján Baldursson	Grótta
Helgi Óttar Hafsteinsson	KB
Hjörvar Hermannsson	Augnablik
Hrannar Einarsson	Hamar
Jóhann Gunnar Böðvarsson	KFR
Kristján Andri Einarsson	KB
Kristófer Jacobsson Reyes	Fram
Olgeir Sigurgeirsson, þjálfari	
Sigurður Andri Jóhannsson	Hamar
Stefán Spasic	Huginn
Stefán Þór Ingvarsson	Kóngarnir
Víglundur Páll Einarsson	Einherji

Þessi listi er hvorki tilkynning um leikbann né leysir hann leikmann undan leikbanni. Listinn er aðeins til upplýsinga og áminning til félaganna um að skoða úrskurði aganefndar frá síðasta ári sem sendir voru sendir með tölvupósti og athuga hvort leikmenn eigi eftir að taka út leikbönn.